

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 18. desember 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014 frá 27. ágúst 1996, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að fyrirhugað íbúðarsvæði í landi jarðarinnar Sólbergs stækkar. Til suðurs er stækkunin u.þ.b. 130 m og afmörkun til vesturs breytist þannig að svæðið nær nokkru neðar í neðsta hjalla hlíðarinnar heldur en áður var.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 19. mars 1997.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 225

20. mars 1997

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980-2000, Einarsreitir.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar hefur skipulagsstjórn ríkisins með undirritun þann 18. desember 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980-2000 frá 8. desember 1982 sem breytt var 17. febrúar 1992, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir aukinni íbúðarbyggð á áður grænu svæði á Einarsreit og einnig er fallið frá dagvistunarstofnun á svæðinu.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. mars 1997.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingimar Sigurðsson.*